

Minnisblað

Til: Atvinnuveganefndar Alþings

Frá: Ríkisskattstjóra

Á fundi atvinnuveganefndar, fimmtudaginn 15. nóvember sl., var óskað eftir því við fulltrúa ríkisskattstjóra að skoðað yrði hvernig unnt væri að setja inn í fyrirbyggjandi frumvarp um veiðigjald, sbr. 144. mál, 144. þskj., ákvæði um álag/sérstakt gjald ef rekstraraðili gæfi ekki réttar upplýsingar sem álagning veiðigjalds byggðist á í greinargerð sem skila bæri til ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóri bendir á eftirfarandi leið sem mögulega til að koma til móts við það álitaeftni sem reifað var á framangreindum fundi, þ.e. að bæta við 5. gr. frumvarpsins nýrri mgr. sem yrði 4. mgr. og gæti hljóðað svo:

Komi í ljós fyrir eða eftir álagningu veiðigjalds að greinargerð, sbr. 3. mgr., er ranglega útfyllt þannig að tekjur séu verulega vantaldar eða kostnaður oftalinn skal ríkisskattstjóri leggja á rekstraraðila sérstakt gjald sem nemur 5% af vantaldri tekjufjárhæð og/eða oftöldum kostnaði. Gjald þetta skal leggja á óháð því hvort vantaldar tekjur og/eða oftalinn kostnaður leiðir sem slíkur til leiðréttingar á reiknistofni veiðigjalds. Ákvörðun ríkisskattstjóra um álagningu gjaldsins er kæránleg til yfirkattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.*

* Þetta hlutfall er sett fram sem dæmi en það gæti bæði verið hærra og lægra.

Rökstuðningur:

Við meðferð málsins í þingnefndinni komu fram þau sjónarmið um að tryggja þyrfti og undirstrika nauðsyn þess að þau gögn sem rekstraraðilum ber að skila og sem eru grundvöllur veiðigjaldsins væru sem áreiðanlegust. Þetta yrði sem best gert með því að skapa varnaðaráhrif gegn því að kastað yrði til höndum við skil á upplýsingunum og leggur nefndin því til að ríkisskattstjóra verði gert skylt að leggja á gjald við þær aðstæður að skilaskyldur aðili leggur fram greinargerð þar sem tekjur eru verulega vantaldar og/eða kostnaður oftalinn. Gjald sem þetta yrði lagt á með öllu óháð því hvort breytingar á skilagreinum hefðu sem slíkar áhrif á reiknistofninn.